

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



Dags eftirlits	24.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Oddur Pétur Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar. Útistandandi eru frávik er komu fram við reglubundið eftirlit 2019 er varða úrgang í geymslu á urðunarstað, vatn í urðunarrein, hreinsivirki og skráningar er varða tl. 4, 6, og 12 í gr. 5.1 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Vopnafjarðarhepps á Búðaröxl og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina (gr. 3.1, 4.3)
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Kynning á reglugerð nr. 674/2017 um aukaafurðir dýra
6. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Urðuð voru rétt rúm 643 tonn á urðunarstað Vopnafjarðarhepps árið 2019 en samkvæmt starfsleyfi er heimilt að urða þar 1000 tonn af úrgangi úr Vopnafjarðarhreppi og Langanesbyggð.

Á urðunarstaðnum er stutt niður í grunnvatn, skurðir hafa verið grafnir umhverfis urðunarstaðinn í þeim tilgangi að ná niður grunnvatnsstöðunni en ekki skilað tilætluðum árangri. Í eftirlitinu og á fundi í kjölfar þess voru ræddar lausnir vegna sigvatnsmála á urðunarstaðnum. Fram kom að til stæði að dýpka grunnvatnsbrunn ofan urðunarstaðarins en vatn í honum virðist hafa lækkað þegar skurðirnir voru grafnir og hefur hann því verið þurr þegar eftirlitsmælingar fóru fram. Seint hefur gengið að grafa skurð og koma hreinsivirki niður sem samkvæmt starfsleyfi á að vera neðan urðunarstaðarins, neðan Norðausturvegar. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili teldi hreinsivirkið og skurðinn ekki munu þjóna tilgangi sínum. Rætt var um að rekstraraðili legði fram tillögu um aðrar lausnir sem stofnunin gæti tekið til skoðunar.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlits út frá mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Urðunarstaður Vopnafjarðarhepps er sem stendur í flokki B með 15 stig sem gerir reglubundið eftirlit einu sinni á ári. Rætt var um hvar rekstraraðili gæti bætt verklag sitt og þannig átt möguleika á að skora lægra í áhættumatinu.

Kynnt var stuttlega reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og möguleg áhrif hennar á rekstur urðunarstaðarins.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Við komu var urðunarstaðurinn afgirtur og hlið læst. Urðunarstaðurinn var nokkuð snyrtilegur, umhverfi og takmörkun aðgangs sem og frágangur urðunarreina í samræmi við ákvæði starfsleyfisins. Einn gámur er á urðunarstaðnum sem safnað er í brotajárni. Enn er úrgangur á urðunarstaðnum sem hefur áður verið gert athugasemdir við, s.s. gömul eldiskví og olúgeymar sem koma þarf í rétta förgun.

Enn eru opin frávik vegna úrgangs í geymslu á urðunarstað, vatni í urðunarrein, hreinsivirki og skráningar er varða tl. 4, 5 og 12 í gr. 5.1, bætt hefur verið úr vegna skráninga er varða tl. 8-11. Frávik er varða magn brotamálms á urðunarstað, plast og málma í grófum úrgangi og ófullnægjandi þekjulag telst lokið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.12.2020

Sigríður Magnúsdóttir